



Grunnskóli Raufarhafnar

Ársskýrsla 2013-2014

Virðing – Gleði – Ábyrgð - Sveigjanleiki

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Formáli.....	5
1 Skólastarfið	6
Almennt	6
Aðstaða og aðbúnaður.....	6
Hagræðingaraðgerðir	7
Stjórnun	8
2 Tölulegar upplýsingar	8
Nemendaþróun.....	8
Fjöldi nemendastunda.....	9
Fjöldi stunda á Krílabæ	9
Fjöldi stöðugilda og starfsmanna eftir starfsheimum.....	10
Fjöldi í mótuneyti	11
Fjöldi í skólaseli	11
Fjármagn til skólans (3 ár)	11
3 Starfsfólk	12
Breytingar á starfsmannahaldi	12
Aðstaða	13
Endurmenntun kennara og annars starfsfólks	13
Menntun starfsfólks	13
4 Nemendur	15
Nemendalisti	15
Umsjónarhópar og umsjónarkennarar	16
Frímínútur og aðstaða nemenda.....	17
Félagslíf.....	17
5 Skólastarfið	18
Skóladagatal	18
Stundatöflur	18
Starfsáætlun	19
Flæði milli leik- og grunnskóladeildar	19
Uppákomur.....	19
1. desember hátíðin	19



Árshátíðarsýning	19
Börn hjálpa börnum	20
Grænir dagar.....	20
Stóra upplestrarkeppnin	20
Aðrar upptakomur	21
Skólaferðir	22
Heimsókn á Húsavík	Error! Bookmark not defined.
Heimsókn í MA og VMA	Error! Bookmark not defined.
Heimsókn á Mývatn	Error! Bookmark not defined.
Heimsókn í Lund.....	Error! Bookmark not defined.
Skólaþróunarverkefni	22
Byrjendalæsi.....	22
Grænfáninn	22
Marimba kennsla	23
Skólabúðir á Raufarhöfn.....	23
Kennsluhættir og námsmat.....	23
Valnámskeið nemenda	24
Heimanám	24
Fjarnám	24
6 Skólasel	25
7 Mötuneyti.....	25
8 Stjórnir og ráð	26
Skólaráð.....	26
Stjórn foreldrafélags.....	26
Bekkjartenglar.....	27
Nemendaráð	27
Nemendaverndarráð.....	27
Fræðslu- og menningarnefnd.....	28
9 Skýrsla um innra mat	28
10 Foreldrar og skólastarfið.....	28
11 Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.....	29
Heimsóknir	29
Greiningarfjöldi	Error! Bookmark not defined.



Grunnskóli Raufarhafnar
Virðing – Gleði – Ábyrgð - Sveigjanleiki

Námsráðgjöf	29
Heilsugæsla	29
12 Útgefið efni á heimasíðu skólans	29
Planið – skólanámskrá	30

Formáli

Ársskýrsla Grunnskóla Raufarhafnar kemur nú út í fyrsta skiptið eftir að Grunnskóli Raufarhafnar og Leikskólinn Krílabær voru sameinaðir í eina stofnun en kemur út árlega hér eftir. Skýrslunni er dreift til menningar- og fræðslunefndar, skólapjónustunnar, stjórnar foreldrafélagsins og skólaráðs auk þess sem hún mun liggja fyrir á kaffistofu starfsmanna og vera aðgengilega á heimasíðu skólans, <http://grunnskoli.raufarhofn.is>

Markmið með útgáfunni er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fram fer í skólanum, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefur lesendum innsýn í það og gera hana líflegri.

Skólastjóri sá um gerð skýrslunnar.

Grunnskóli Raufarhafnar, maí 2014
Frida Elisabeth Jörgensen skólastjóri

1 Skólastarfið

Almennt

Grunnskóli Raufarhafnar er heildstæður samrekin grunn- og leikskóli og starfar samkvæmt lögum um grunn- og leikskóla. Hann stendur við Skólabraut í stóru og reisulegu húsnaði sem tekið var í notkun þann 3. nóvember 1964. Rekja má sögu skólans aftur til 1946 þegar Barnaskóli Raufarhafnar og Unglingaskóli Raufarhafnar voru sameinaðir, en skólahald á staðnum má rekja allt aftur til ársins 1910.

Yfirstjórn Grunnskóla Raufarhafnar og Leikskólans Krílabæjar var sameinuð hausið 2009 og í mars 2010 fluttist starfsemi leikskólans í húsnaði grunnskólans. Í daglegu tali er talað um grunnskóladeildina sem Grunnskóla Raufarhafnar og leikskóladeildina sem Krílabæ.

Tónlistarskóli Raufarhafnar, sem stofnaður var árið 1947, hefur einnig aðsetur í húsnaði skólans, en hann varð deild innan Tónlistarskóla Húsavíkur árið 2011. Frá haustinu 2010 hefur Félagsmiðstöðin Blik einnig haft aðstöðu í skólanum.

Grunnskóli Raufarhafnar starfar í anda Uppbyggingarstefnunnar og hefur gert það síðan 2006.

Þann 1. júní 2011 lauk skólinn skrefunum sjö sem skóli á grænni grein og fékk því Grænfánann afhentan í fyrsta skiptið.

Aðstaða og aðbúnaður

Skólinn er á tveimur hæðum, auk kjallara undir austurenda hússins. Í kjallaranum er skólamötuneytið og heimilisfræðiaðstaða, þvottaherbergi, lítil snyrting og geymsla. Á neðri hæð hússins er leikskóladeildin *Krílabær* og heimastofur yngri nemenda grunnskólans. Þar er einnig fjölnota salur, aðstaða tónlistarskólans, samverukrúkur, taflborð, fatahengi, salerni nemenda og ræstikompa. Á efri hæð hússins eru heimastofur eldri nemenda, listgreinastofan, samverukrúkur, taflborð, borðtennisborð, félagsmiðstöðin Blik og kennaraálma sem skiptist í kaffistofu, skrifstofu skólastjóra, ræstikompu, salerni starfsfólks, bókakompu, fatahengi og vinnuherbergi kennara. Við skólann stendur íþróttamiðstöð staðarins þar sem er fjölnota íþróttasalur og innisundlaug. Í kjallara íþróttahússins er jafnframt smíðastofa skólans og þar er einnig leirbrennsluofn.

Náttúrugripasafn er staðsett á gangi neðri hæðar skólans og á safnið töluvert af gripum sem einstaklingar hafa gefið. Gripirnir eru notaðir í kennslu en eru einnig ætlaðir til að vekja áhuga nemenda á náttúrunni í kringum okkur. Fleiri gripir er að sjálfsögðu vel þegnir í skólann. Bókakostur skólans er á gangi á neðri og efri hæð og í geymslu á efri hæð. Einnig er töluvert af bókum í heimastofu hvers bekkjar. Nemendum er frjálst að fá lánaðar bækur úr skólanum, en þurfa þó að láta starfsmann, t.d. umsjónarkennara vita.

Í skólanum eru 8 fartölvur sem keyptar voru haustið 2010 sem nemendur hafa aðgang að. Þær eru hægt að nota hvar sem er í skólanum, enda alls staðar hægt að tengjast þráðlausu neti skólans.

Skólalóðin er glæsileg. Við suðurhlíð skólans eru leiktæki sem öll voru endurnýjuð sumarið 2005. Þar má m.a. finna rólur, vegasalt, klifurgrind, aparólu og körfuboltavöll. Við norðurhlíð



skólans er hins vegar að finna ósnortna náttúru þar sem börnin leika sér ekki síður, t.d. við berjatínslu á haustin og að leita að hreiðrum á vorin. Við austurenda skólans var gerð afmörkuð lóð fyrir leikskóladeildina sumarið 2010. Þar má m.a. finna rólur, vegasalt, leikkastala og sandkassa. Við norðurenda skólans, á Skólatúninu, eru nú að hefjast framkvæmdir við sparkvöll sem án efa mun vera vel nýttur af nemendum skólans.

Hagræðingaraðgerðir

Grunnskóli Raufarhafnar hefur ekki þurft að taka á sig mikinn niðurskurð á síðustu árum. Stöðugildi eru vissulega færri en voru fyrir nokkrum árum, en það kemur til vegna fækkunar nemenda. Starfsfólk er þó hvatt til að sýna aðhald í vörukaupum. Þátttaka skólans í Grænfánaverkefninu hefur sjálfkrafa leitt af sér mikinn sparnað. Prentað og ljósritað er báðum megin á blöð og pappírinn svo að lokum tættur niður og notaður við gerð ýmissa listmuna. Stór hluti af hráefni í listgreinakennslu skólans er endurunnið efni. Nemendaferðir eru tvær til fjórar ár hvert en foreldrar nemenda hafa verið duglegir að keyra nemendum og þannig haldið kostnaði við niðri. Langflestar ferðir eru farnar á einkabílum, enda er það töluvert ódýrara en að leigja til okkar rútu.


Stjórnun

Skólastjóri Grunnskóla Raufarhafnar ber ábyrgð á starfi skólans. Hann sinnir jafnframt kennslu og afleysingum. Misjafnt er á milli ára hvort deildarstjóri er á leikskólanum en í ár var ekki deildarstjóri á leikskólanum. Skólastjóri var Frida Eilsabeth Jörgensen og staðgengill skólastjóra var Birna Björnsdóttir.

2 Tölulegar upplýsingar

Nemendaþróun

Á myndinni hér að neðan má sjá nemendaþróun í Grunnskóla Raufarhafnar, grunnskóla- og leikskóladeild, síðustu þrjú ár. Settar voru inn tölur um fjölda nemenda í upphafi skólaárs og þegar skóla var slitið. Þær tölur gefa betri mynd heldur en þær tölur sem skólinn gefur upp til Hagstofu Íslands árlega, en þær miða við nemendafjölda 1. október ár hvert.



Fjöldi nemendastunda

Í meðfylgjandi töflu má sjá mínútufjölda og fjölda kennslustunda sem hver árgangur hefur fengið síðustu þrjú ár.

2013-2014		
	Mínútur á viku	Kennslustundir á viku
2. - 4. bekkur	1340	33,5
8. - 10. bekkur	1540	38,5
Samtals	2880	72

2012-2013		
	Mínútur á viku	Kennslustundir á viku
1.-3. bekkur	1240	31
5. bekkur	1360	33
7.-10. bekkur	1540	38,5
Samtals	5395	134,875



2011-2012		
	Mínútu r á viku	Kennslustundir á viku
1.-3. bekkur	1220	30,5
4.-5. bekkur	1400	35
6.-7. bekkur	1420	35,5
8. bekkur	1520	38
10. bekkur	1480	37
Samtals	7040	176

Fjöldi stunda á Krílabæ

Eins og fyrr segir byrjuðu tveir nemendur á Krílabæ í vetur en það varð fjölgun í nóvember og síðan aftur í apríl. Um vorið voru því komin 6 börn á leikskólann. Ópið var frá 7:45 á morgnan og til 16:15 á daginn. Sú nýbreyttni að hafa opið til 16:15 er vegna aukinna eftirspurnar hjá foreldrum sem eru búnir að vinna klukkan 16 og eiga þá eftir að koma sér frá vinnu og á leikskólann. Einn starfsmaður

var að leikskólanum til að byrja með en með auknum fjölda nemenda urðu að vera tveir. Flestir nemendurnir eru með pláss allan daginn en einn er með pláss til 14 á daginn.

Fjöldi stöðugilda og starfsmanna eftir starfsheitum

Starfsmenn Grunnskóla Raufarhafnar voru 10 í vetur. Stöðugildi lækkaði einnig vegna þess að deildirnar voru bara tvær, yngri og eldri. Nánari útlistun á fjölda stöðugilda og starfsmanna eftir starfsheitum síðustu þrjú ár má sjá í töflunum hér að neðan. Tölurnar fyrir árið 2013-2014 miðast við vor 2014 þar sem mikið var um breytingar á mönnun í leikskólanum.

2013-2014		
Starfsheiti	Fjöldi starfsmanna	Samtals stöðuhlutfall %
Stundakennarar	1	7,7
Grunnskólakennarar	1	60
Leiðbeinendur í grunnskóla	3	98
Leiðbeinendur í leikskóla	2	200
Matráður	1	70
Skólaliði / ræstingar	1	100
Skólastjóri	1	100
Samtals	10	635,7

2012-2013		
Starfsheiti	Fjöldi starfsmanna	Samtals stöðuhlutfall %
Deildarstjóri í leikskóla	1	70,3
Grunnskólakennarar	2	163,5
Leiðbeinendur í grunnskóla	1	34,6
Stundakennarar	1	11,5
Leiðbeinendur í leikskóla	1	37,5
Matráður/stundakennari	1	81,5
Skólaliði / ræstingar	1	150
Skólastjóri	1	119,2
Samtals	9	668,1

2011-2012		
Starfsheiti	Fjöldi starfsmanna	Samtals stöðuhlutfall %
Grunnskólakennarar	3	269,23
Leiðbeinendur í grunnskóla	2	132,69
Leiðbeinendur í leikskóla	2	140,625
Matráður	1	100
Skólaliði / ræstingar	1	150
Skólastjóri	1	111,5
Samtals	10	904,045

Fjöldi í mötuneyti

Allt frá því að mötuneytið opnaði hefur aðsókn nemenda og starfsmanna verið mjög góð. Í vetur borðuðu allir nemendur í skólanum í mötuneytinu. Af þeim starfsmönnum sem þurfa að greiða fyrir matinn í mötuneytinu nýttu sér það allir nema einn.

Fjöldi í skólaseli

Skólasel var í fyrsta skiptið starfrækt við skólann veturinn 2010-2011 og nýttu þrír nemendur sér þá þjónustu. Enginn nemandi sótti um vistun í skólaseli á þessum vetri.

Fjármagn til skólans (3 ár)

Í meðfylgjandi töflu má sjá áætlaðan heildarkostnað við rekstur Grunnskóla Raufarhafnar, beggja deilda, sem og rauntölur frá árinu 2011.

	Áætlun	Rauntölur
Fjárhagsáætlun 2011	46.857.990	47.558.799
Fjárhagsáætlun 2012	48.910.710	46.385.682
Fjárhagsáætlun 2013	44.574.370	40.492.663
Fjárhagsáætlun 2014	39.950.689	

3 Starfsfólk

Skólaárið 2013-2014 voru eftirfarandi starfsmenn við skólann:

Berglind Friðbergisdóttir	Matráður	bbbbbb@mi.is
Birna Björnsdóttir	Grunnskólakennari	birna@nett.is
Cornelia Spandau	Leiðbeinandi í grunnskóla	connyspandau@web.de
Frida Elisabeth Jørgensen	Skólastýra	frida@raufarhofn.is
Olga Friðriksdóttir	Grunnskólakennari	olga@raufarhofn.is
María Sveinsdóttir	Stundakennari	maria@raufarhofn.is
Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir	Leiðbeinandi á leikskóla	ingibjorg@raufarhofn.is
Sigrún Björnsdóttir	Skólaliði / ræstingar skóla	
Þórunn Lilja Helgadóttir	Leiðbeinandi á leikskóla	thorunn23@visir.is

Aðrir sem komu að starfi skólans voru:

Anný Peta Sigmundsdóttir	Sálfræðingur hjá Skólaþjónustu Norðurlþings
Árný Þóra Ármannsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi hjá Skólaþjónustu Norðurlþings
Ragnhildur Þorgeirsdóttir	Hjúkrunarfræðingur hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Sigríður Helgadóttir	Forstöðukona Íþróttamiðstöðvar Raufarhafnar
Sigurður Aðalgeirsson	Kennsluráðgjafi hjá Skólaþjónustu Norðurlþings

Breytingar á starfsmannahaldi

Þær breytingar voru að þetta skólaárið að Olga Friðriksdóttir var umsjónakennari í 2. – 4. bekk. Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir kom sem leiðbeinandi inn á leikskólann í desember 2013. Þórunn Lilja Helgadóttir fór í fæðingarorlof í nóvember 2013. Illa gekk að mann leikskólann með fjölgun barana en Helga Bergsdóttir, Bergþóra Jónsdóttir og Ágústa Jóhannesdóttir tók afleysingar á leikskólanum eftir

Því sem hægt var. Frida Elisabeth Jörgensen var síðan í afleysingum á leikskólanum meðan ekki var búið að manna þar. Þóra Gylfadóttir kom aftur til starfa í nóvember 2013.

Aðstaða

Í vesturenda á efri hæð skólans er að finna vinnuherbergi kennara. Þar hefur hver kennari fyrir sitt vinnuborð og aðstöðu til að geyma möppur og önnur skjöl. Þar eru jafnframt prentarar, ljósritunarvél og skanni, salernisaðstaða starfsfólks og kaffistofa. Starfsmenn á leikskólanum borða með nemendum sínum í mötuneytinu.

Endurmenntun kennara og annars starfsfólks

Norðurþingsdagurinn var haldinn 14. febrúar, en hann er sameiginlegur starfsdagur starfsfólks í leik- og grunnskólum í Norðurlandinu. Þema dagsins var námsmat lykilþættir. Jón Baldvin Hannesson fjallaði hvaða Giljaskóli hefur verið að gera í þessum efnum, mjög fróðlegur fyrirlestur. Boðið var upp á 6 málstofur og var hægt að sækja tvær þeirra. Annað starfsfólk en kennarar fóru á fyrirlestur hjá Kristjáni Má sálfræðingi þar sem hann fjallaði um „samskipti við börn“ og „streyma og stjórnun álags“.

Þann 7. maí var vörfundur skólastjórnenda haldinn á Stjórnsýsluhúsinu á Húsavík. Þar var eins og áður rætt um ýmis mál sem á fundarmönnum brann en einnig var tekið fyrir verklagsreglur er varðar tilkynningarskyldu til Barnaverndar. Jón Matthíasardóttir var svo með vinnustofu í þarfagreiningu til að skólaþjónustan gæti bætt síðan vinnu gangvart skólunum.

Skólaþjónusta Norðurlands bauð jafnframt upp á eftirfarandi endurmenntunarnámskeið á skólaárinu:

Námskeið um einhverfu og skipulögð vinnubrögð. Enginn kennari tók þátt í þessu námskeiði.


Skapandi stærðfræði og skipulag stærðfræðikennslu. Enginn kennari tók þátt í þessu námskeiði.

Útikennsla og útinám. Enginn kennari tók þátt í þessu námskeiði.

Læsi til náms – Þróunarverkefni skólaárið 2013-2014. Þeir kennara sem tóku þátt í þessu verkefni eru Olga Friðriksdóttir, Birna Björnsdóttir, María Sveinsdóttir og Frida Elisabeth Jörgensen.

Menntun starfsfólks

Á meðfylgjandi mynd má sjá yfirlit um menntun starfsfólks síðustu þrjú skólaár eftir hæstu prófgráðu. Starfsfólki er jafnframt skipt í fjóra flokka eftir því við hvað þeir starfa. Flokkarnir eru starfsfólk í grunnskóla, starfsfólk í leikskóla, annað starfsfólk og skólastjórnandi.



Rétt er að taka fram að einn kennari við grunnskólann 2012-2013 var með háskólapróf en ekki B.ed gráðuna í kennslufræðum og er því í flokkaður með stúdentspróf.

4 Nemendur

Þegar skólinn var settur þann 26. ágúst í haust voru 13 nemendur skráðir við skólann, 2 í leikskóladeild og 11 í grunnskóladeild. Tveir nemendur hættu áður en veturinn var á enda, báðir í grunnskóladeild en tveir nemendur komu nýjir inn á vonönninni og einn nýr á leikskólann. Sá nemandi ásamt nemenda úr grunnskóladeildinni hættu áður en veturinn var á enda og voru því 14 nemendur í heildina þegar skólanum var slitið þann 5. júní. Á skólaslitunum útskrifaðist einn nemandi úr 10. bekk.

Nemendalisti

Krílabær

Aron Þórólfur Halldórsson	Fæddur 2010
Björn Grétar Ríkharðsson	Fæddur 2010
Reynir Jóhannes Reynisson	Fæddur 2010 flutti til Ástralínu nóv 2013
Maciek Koztowski	Fæddur 2011 kom í nóvember 2013
Sigrún Helga Gunnarsdóttir	Fædd 2012 kom í desember 2013
David May-Majewski	Fæddur 2012 kom í apríl 2014
Krystian May-Majewski	Fæddur 2009 kom í apríl 2014

2. bekkur Anna Fjóla Hilmisdóttir

Martin May-Majewski Kom í apríl 2014

3. bekkur Agnar Þór Hilmisson

4. bekkur Guðni Sæmundsson
Nikola María Halldórsdóttir

6. bekkur Amber Jade Ole Hætti nóvember 2013 og flutti til Ástralíu

8. bekkur Sandra Elizabet Sigmundsdóttir Flutti til Dalvíkur janúar 2014

9. bekkur Dagný Ríkharðsdóttir

10. bekkur Birgir Þór Björnsson
 Birkir Rafn Júlíusson
 Brynja Dögg Björnsdóttir
 Friðrik Þór Ragnarsson
 Hákon Breki Harðarson

Umsjónarhópar og umsjónarkennarar

Nemendum var skipt í tvo umsjónarhópa.

2.-6. bekkur Olga Friðriksdóttir
8.-10. bekkur Birna Björnsdóttir

Frímínútur og aðstaða nemenda

Sú hefð hefur skapast í Grunnskóla Raufarhafnar að nemendur á efri hæðinni hafa ekki þurft að fara út í frímínútur en nemendur á neðri hæðinni hafa alltaf farið út.

Aðstaða fyrir nemendur í skólanum er til fyrirmyndar. Á efri hæð skólans



eru þrír sófar þar sem nemendur geta slakað á í frímínútum. Einnig er stofu í félagsmiðstöðinni. Nemendur hafa aðganga að félagsmiðstöðinni í frímínútum og öðrum lausum stundum. Þar er m.a. að finna þythokkíborð, fótboltaborð og fjölmörg spil. Á ganginum á efri hæðinni er borðtennisborð, veglegt taflborð og fjöldi bóka og tímarita fyrir nemendur að glugga í. Á efri hæðinni er jafnframt örbylgjuofn og samlokugrill fyrir nemendur.

Í heimastofu 1.-5. bekkjar á neðri hæðinni var jafnframt sófi, samlokugrill og örbylgjuofn. Þar má líka finna veglegt taflborð á ganginum, bækur og tímarit.

Sófarnir í heimastofum nemenda sem og örbylgjuofninn í heimastofu 1.-5. bekkjar eru í einkaeign starfsfólks skólans.

Í anddyri skólans er rúmgott fatahengi, sófi, stólar og ísskápur. Þar geta allir nemendur bjargað sér um mjólk þeim að kostnaðarlausu eða ískalt vatn.

Nemendum stendur jafnframt til boða ýmis leikföng til að fara með út í frímínútur; boltar, sippubönd, snú-snú band, krítar o.fl. Útiaðstöðunni hefur þegar verið lýst (1. Skólastarfið>Aðstaða og aðbúnaður).



Félagslíf

Nemendaráð skólans skipuleggur félagslíf nemenda og stóð fyrir nokkrum viðburðum í ár og hjálpaði til við að skipuleggja starf félagsmiðstöðvarinnar. Félagsmiðstöðin Blik var yfirleitt opin á föstudögum

frá 20:00-22:00 fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Síðustu tvö ár hafa foreldrar verið með nemendunum og skiptust foreldrar eldir hópsins föstudögunum á milli sín.

5 Skólastarfið

Skóladagatal

Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga skóladagar nemenda að vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Þar af skulu fullir kennsludagar vera 170 að lágmarki auk þess sem nemendadagar mega vera hámark 10. Nemendadagar eru óhefðbundnir dagar og geta verið styttri en venjulegir skóladagar. Á þessu tímabili eru 5 starfsdagar kennara auk átta utan starfstíma nemenda. Skóladagatal ársins var samþykkt af starfsmönnum, skólaráði og menningar- og fræðslunefnd Norðurbings. Skóladagatal ársins má finna á heimasíðu skólans undir [Skólinn>Skólastarfið>Skóladagatal](#).

Á haustönn voru fimm nemendadagar (skólasetning, Grænn dagur haustsins, Dillidagur, Fullveldisdagurinn og foreldraviðtöl) og 85 kennsludagar. Þar af voru einn dagur, Fullveldisdagurinn, tvöfaldur dagur.

Á vorönn voru fimm nemendadagar (Dillidagur, árshátíðarsýning, auka árshátíðarsýning, Grænn dagur vorsins og foreldradagur/skólaslit) og 85 kennsludagar. Þar af var árshátíðarsýningin tvöfaldur dagur.

Samtals voru því 10 nemendadagar á árinu og 170 kennsludagur og skóladagar nemenda því alls 180.

Stundatöflur

Nemendur fengu stundatöflur afhentar á skólasetningu þann 26. ágúst. Skólahald hófst kl. 8:10 á morgnanna og er hver kennslulota að öllu jöfnu 60 mínútur. Stundatöflur einstakra bekkja má nálgast á heimasíðu skólans undir [Skólinn>Skólastarfið>Stundatöflur](#).

Starfsáætlun

Ekki var gefin út sérstök starfsáætlun fyrir árið þar sem flestar þær upplýsingar sem birtast eiga í starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans og var það látið duga. Þó vantar upplýsingar um innra mat skólans og er það eitthvað sem bæta þarf úr.

Flæði milli leik- og grunnskóladeildar

Eins og gefur að skilja er mikill samgangur á milli nemenda í leik- og grunnskóladeild. Allir nemendur borða t.d. saman í hádeginu og þó svo að leiksskólinn sé með afmarkaða lóð fóru aðrir nemendur oft þangað í frímínútum. Jafnframt voru grunnskólanemendur duglegir að fara inn á Krílabæ þegar þeir höfðu tíma að leika við börnin. Í ferðum og öðrum upptákum í grunnskóladeildinni var jafnframt leitast eftir því að hafa nemendur Krílabæjar með.

Uppákomur

Í Grunnskóla Raufarhafnar hafa skapast hefðir um ýmsar upptákur og hátíðir. Verður þeim gert nánari skil hér að neðan. Ýmislegt óvænt kemur þó alltaf upp á hverju ári, sumt með löngum fyrirvara en annað með afskaplega stuttum. Verður þeim helstu jafnframt gerð skil.

1. desember hátíðin

Þann 1. desember fagna nemendur skólans fullveldinu með hátíðardagskrá á sal. Allir nemendur skólans taka þátt. Um leið er haldið upp á dag íslenskrar tungu, sem er 16. nóvember, og dagurinn markar því upphaf Stóru upplestrarkeppninnar fyrir nemendur í 7. bekk. Dagskránni lauk svo þegar þegar nemendur kveikja ljósin á jólatrénu.

Árshátíðarsýning

Árshátíðarsýning Grunnskóla Raufarhafnar eru orðinn fastur liður í menningarlífi Raufarhafnarbúa og nærsveitunga. Í ár sýndu nemendur verkið „Galdrakallinn í Oz“, Að venju tóku allir nemendur skólans þátt í uppsetningunni sem tókst afskaplega vel. Sérstaklega ber að taka fram að í ár var notast við lifandi tónlist, sem auðvitað var flutt af nemendum sjálfum. Þær Frida Elisabeth Jörgensen og Olga Friðriksdóttir sáu um leikstjórn og umsjón sviðsmyndar var í höndum Þóru Soffíu Gylfadóttur.

Verkið var frumsýnt föstudaginn 30. maí frammi fyrir fullu húsi og bauð foreldrafélagið öllum gestum upp á mat á sýningu lokinni. Sú breytni var á í ár að hafa leikritið í lok annar vegna 50 ára afmæli skólans.

Árshátíðarsýningin á fyrst og fremst að vera skemmtileg upplifun fyrir nemendur og skemmtileg tilbreyting í skólastarfinu,

auk þess að gefa nemendum innsýn inn í sköpun leikverks frá upphafi til enda. Vinna við hana er jafnframt í samræmi við fjölmörg atriði í aðalnámskrá grunnskóla.



Börn hjálpa börnum

Nemendur skólans hafa allt frá árinu 2003 tekið þátt í verkefninu „Börn hjálpa börnum“ á vegum ABC barnahjálpar. Í ár söfnuðu nemendur skólans 38.136 kr. sem er hæsta upphæðin síðan skólinn byrjaði að safna.

Grænir dagar

Tveir grænir dagar eru á hverju skólaári, á haustin og vorin. Þá er rætt um umhverfismennt við nemendur og mikilvægi þess að halda jörðinni okkar hreinni. Í haust voru teknar upp kartöflur en skólin fékk garð frá Indriða sem hann hafði hugsað mjög vel um og var uppskeran mjög góð. Í vor voru settar niður kartöflur.

Stóra upplestrarkeppnin

Því miður var enginn nemandi í skólanum í 7. bekk þetta árið og tók því enginn þátt í Stóru upplestrakeppninni þetta árið.

Markmið Stóru upplestrarkeppninnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er í raun aukaatriði, mestu skiptir að kennarinn nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum; vandaðan upplestur og framburð. Kjörorð verkefnisins eru þrjú; „vöndum flutning og framburð íslensks máls“, „lærum að njóta þess að flytja móðurmál okkar, sjálfum okkur til ánægju“ og „berum virðingu fyrir móðurmáli okkar, sjálfum okkur og öðrum“.

Árangur skólans í Stóru upplestrarkeppninni síðustu ár er afskaplega góður eins og sjá má hér að neðan og er mikil viðurkenning fyrir skólastarfið.

- 2013 Sandra Elizabet Sigmundsdóttir, 2. sæti
- 2012 Dagný Ríkharðsdóttir, 3. sæti.
- 2011 Birkir Rafn Júlíusson, 1. sæti.
Hákon Breki Harðarson, 3. sæti.
- 2010 Þórdís Sigtryggsdóttir, 3. sæti.
- 2009 Rósa Björg Þórsdóttir, 1. sæti.
- 2008 Þórunn Nanna Ragnarsdóttir, 3. sæti.
- 2007 Gréta Ingibjörg Sigtryggsdóttir, 2. sæti.
- 2006 Þorbjörg Eva Magnúsdóttir, 1. sæti.
- 2005 Halldór Helgi Halldórsson, 2. sæti.
- 2004 Rákel Fríða Thoroddsen, 3. sæti.

Aðrar upptækur

Þann 25. nóvember var haldinn íþróttadagur hér í grunnskólanum. Fengum við í heimsókn til okkar alla nemendur Öxarfjarðarskóla. Það voru 3 stöðvar, sund, úti stærðfræði ratleikur og íþróttasalurinn. Allir nemendur tóku þátt á öllum stöðvunum.

8. nóvember var helgaður baráttunni gegn einelti. Umsjónarkennarar ræddu við nemendur sína um einelti og afleiðingar þess. Nemendur skólans skrifuðu allir undir þjóðarsáttmála gegn einelti.

13. febrúar fór allur skólinn, grunnskólinn og leikskólinn inn í Öxarfjarðarskóla. Við fengum þar einn dag til að taka þátt í því starfi sem þar var gert. Þetta var mjög skemmtilegur dagur og mynduðum við vinabönd sem eiga eftir að styrkja okkur þegar við svo förum til þeirra næsta vetur.

7. apríl kom eldri nemendur frá Grunnskóla Bakkafjarðar í heimsókn. Þau gistu hér í skólanum og fóru í göngutúr um svæðið, kíktu á Heimskautsgerið og tók hringinn á höfðanum. Þau fóru svo í nætursund með tónlist og skemmtilegheitum.



Tónlistarskólinn var áberandi í skólastarfinu í vetur. Hann hafði umsjón með marimba kennslu, var



með hljóðfærakynningu fyrir nemendur í upphafi vetrar og stóð fyrir tveimur tónleikum. Þeir fyrri voru þann 5. nóvember. Nemendur tóku svo þátt í 1. des hátíðinni og spiluðu allir þar einnig. Síðari tónleikarnir fóru fram þann 3. júní og kom allir nemendur skólans fram á tónleikunum.

Skólaferðir

Danmerkurferð

Rétt áður en skólinn byrjaði fóru nemendur í eldri deild skólans til Danmerkur. Þetta var vikuferð þar sem þau kynntust menningunni sem þar ríkir og gátu æft sig í dönskunni. Að þessu sinni var það Frida Elisabeth Jørgensen sem fór með þeim ásamt Svövu Árnadóttur.

Skólaþróunarverkefni

Byrjendalæsi

Veturinn 2010-2011 hóf skólinn þátttöku í tveggja ára verkefni um byrjendalæsi og hefur kennsla á yngsta stigi einkennst af hugmyndafræði þess síðan þá. Markmið byrjendalæsis er að auka almenna lestrarfærni nemenda á fyrstu árum grunnskólagöngu sinnar. Unnið er heildstætt með alla þætti íslenskunnar; tal, hlustun, lestur og ritun út frá gæðatexta. Jafnframt er lögð áhersla á að verkefni og kennsluhætti séu fjölbreyttir og að nemendur þjálfist í öguðum vinnubrögðum. Leitast er við að efla sjálfstæði nemenda og hæfni þeirra til samvinnu. Nemendur vinna bæði sjálfstætt, í pörum og í hópum. Lögð er áhersla á að nemendur læri út frá merkingarbærum textum, þ.e. unnið verður með gæðatexta sem höfða til barna.

Grænfáninn

Grunnskóli Raufarhafnar fékk Grænfánann afhentan í fyrsta skiptið þann 1. júní 2011 eftir að hafa stigið skrefin sjö sem skóli á grænni grein. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu í umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og



annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Þau auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla.

Meðal fastra verkefna sem allir nemendur skólans taka þátt í er að setja niður kartöflur á vorin og taka þær upp að hausti, endurnýta pappír og önnur efni eins og hægt er, flokka fernur og útikennsla. Í vetur verður gerð tilraun til að jarðgera ávaxtaúrgang.

Marimba kennsla

Grunnskóli Raufarhafnar og Tónlistarskóli Húsavíkur hófu formlegt samstarf í vetur þegar tónlistarskólinn tók í sínar hendur tónmenntakennslu í skólanum. Keyptar voru svokallaðar marimbur til að hafa í skólanum, en það eru afrísk ásláttarhljóðfæri, og nemendur læra á. Reynsla af marimbakennslu í öðrum skólum hefur sýnt að hún skilar miklum árangri sem alhliða tónlistarnám, til undirbúnings og til stuðnings öðru tónlistarnámi. Afríkutónlistin er einnig gríðarlega góð alhliða þjálfun í samhæfingu hreyfinga og huga sem gagnast nemendum á mjög svo ólíku þroskastigi innan sama hóps. Marimba kennslan hentar því einstaklega vel til kennslu í hópi þar sem taka þarf tillit til mismunandi forsenda nemenda.

Skólabúðir á Raufarhöfn

Borgarhólsskóli sendi
nemendur úr 6. bekk í
heimsókn í Grunnskóla
Raufarhafnar á vordögum í tvo
daga. Krakkarnir unnu saman
fjölmörg verkefni á sviði
nýsköpunar undir yfirskriftinni



„Glögggt er gests augað“ auk þess að fræðast um Heimskautsgerðið og nærumhverfi Raufarhafnar. Þessar heimsóknir hafa tekist vel og eru komnar til að vera.

Kennsluhættir og námsmat

Kennarar skólans eru hvattir til að nota sem fjölbreyttasta kennslu- og námsmatsaðferðir. Lagt er upp með að kennsluhættir miðist við að gefa öllum nemendum kost á að nýta hæfileika sína og fá endurgjöf á vinnu sinni.

Nánar má lesa um kennsluhætti og námsmat í bekkjarnámskrám sem finna má á heimasíðu skólans undir [Skólinn>Skólastarfið>Bekkjarnámskrár](#).

Valnámskeið nemenda

Vegna fámennis var ekki hægt að bjóða nemendum upp á sérstök valnámskeið þar sem þau velja það sem þeim fannst áhugaverðast. Brugðist var við þessu með því að fjölga tímum í öðrum fögum. Nemendur í 8.-10. bekk fengu þó einn heimanámstíma á viku sem þau vildu sjálf hafa inn í töflu.

Heimanám

Allir nemendur fengu heimavinnu því sem næst vikulega. Misjafnt var eftir bekkjum á hvaða degi heimavinnan var afhent en reglan var sú að nemendur fengu eins vikna skammt í einu. Foreldrar voru hvattir til að fylgjast vel með heimanámi barna sinna og styðja við bakið á þeim. Yngri nemendur fá ekki eins mikið heimanám en eiga að lesa heima alla daga.

Fjarnám

Þar að auki sá starfsfólk skólans um yfirsetu í prófum sem ungmennti frá staðnum þurftu að þreyta á ýmsum tímum, m.a. frá Menntaskólanum á Akureyri, Verkmenntaskóla Akureyrar og Verzlunarskóla Íslands.



6 Skólasel

Ekki hefur tíðkast að starfrækja heilsdagsvistun fyrir nemendur skólans. Árið 2010-2011 kom þó fram ósk um slíkt frá nokkrum foreldrum og var við henni orðið með því að bjóða nemendum að fara í leikskólann eftir skóla. Í ár var engin heilsdagsvistun þar sem enginn sótti um það.

Skólasel er starfrækt í húsarúmi leikskólans og hefur starfsmaður leikskólans yfirumsjón með nemendur og þeirra starfi. Þau geta nýtt tímann og lært, leikið sér við aðra nemendur eða fengið næði til að teikna og skapa.

7 Mötuneyti

Mötuneyti hefur verið starfrækt við skólann síðan snemma árs 2009 og þjónar það jafnt leik- og grunnskóladeild og starfsfólki. Boðið er upp á máltíðir fjóra daga vikunnar, frá mánudegi til föstudags. Í vetur hófst hins vegar sú nýbreytni að bjóða nemendum leikskólans einnig upp á máltíð á föstudegi við góðan hljómgrunn foreldra. Hver máltíð í skólamötuneytinu kostar 330 kr. fyrir grunnskólanemendur og starfsfólk, en nemendur leikskóladeildarinnar borga fast mánaðargjald.

Í mötuneyti skólans er þess kappkostað að bjóða nemendur upp á hollan og næringarríkan mat. Eftir hverja máltíð er boðið upp á ávöxt. Matseðill er aðgengilegur á heimasíðu skólans fyrir einn mánuð í senn.

Skólinn fær reglulega matargjafir frá velunnurum skólans sem auðveldar rekstur mötuneytisins til muna. Er þeim þakkað kærlega fyrir sitt framlag.

Matráður í ár var Berling Friðbergsdóttir.

8 Stjórnir og ráð

Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins. Í skólaráði veturinn 2011-2012 sátu eftirfarandi:

Skólastýra	Frida Elisabeth Jörgensen
Fulltrúar foreldra	Agnieszka Szczodrowska
Fulltrúar kennara	María Sveindóttir
Fulltrúi annars starfsfólks	Berglind Friðbergsdóttir
Fulltrúi nemenda	Hákon Breki Harðarsson

Skólaráð fundaði einu sinni í vetur. Á fundi ráðsins var fundað um skóladagatalið 2014-2015 og var það samþykkt án athugasemda.

Stjórn foreldrafélags

Aðalfundur Foreldrafélagsins Velvakandi var haldinn í húsnæði skólans þann 21. september. Fráfarandi stjórn skila skýrslu og reikningar voru lagðir fram. Ný stjórn var kosin og í henni sitja eftirfarandi:

Formaður

Olga Friðriksdóttir Móðir Friðriks 10. bekk

Gjaldkeri

Anna Romanska Móðir Arons á leikskóla og Nikolu í 4. bekk

Meðstjórnandi

Enginn meðstjórnandi var í ár þar sem þá foreldri hætti eftir að börn hans hættu í skólanum en Reynir Reynisson var valinn í þetta starf.

Foreldrafélagið var áberandi í starfi skólans í ár eins og fyrri ár og stóð fyrir ýmsum viðburðum. Félagið hélt t.d. vel sótt jólaball á milli jóla og nýárs, þrettándagleði, öskudagsball og bingó á 1. maí. Foreldrafélagið sér um sölu á eldhús- og salernispappír árið um kring.

Skýrsla stjórnar fyrir skólaárið verður kunngjörð á næsta aðalfundi félagsins í september.

Bekkjartenglar

Á námsefniskynningum bekkjanna í september voru tveir foreldrar valdir til að sinna hlutverki bekkjartengla, eða Dillidagsfulltrúa. Þeir eru tengiliðir foreldra við kennara og sjá um að skipuleggja, í samráði við umsjónarkennara, tvo viðburði á ári, svokallaða Dillidaga. Þá gera nemendur, foreldrar og umsjónarkennari eitthvað skemmtilegt saman til að styrkja hópinni, efla tengsl heimila og skóla og gefa foreldrum innsýn í skólastarfið.

Bekkjarfulltrúar í ár voru eftirfarandi:

1.-5. bekkur Foreldrar allra nemenda voru saman en Olga Friðriksdóttir var með yfirumsjón.

7.-10. bekkur Foreldrar allra nemenda voru saman en Birna Björnsdóttir var með yfirumsjón.

Nemendaráð

Við skólann starfaði nemendaráð sem hafði það hlutverk að annast félagsstarf nemenda og standa fyrir viðburðum á skólatíma. Enginn var kosinn í nemendaráð þennan vetur heldur var þetta samvinna nemenda í 8. – 10. bekk undir umsjón Birnu Björnsdóttir.

Nemendaráð stóð fyrir nokkrum viðburðum í vetur og lagði hönd á plóg við að skipuleggja starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Þau tóku sig til voru með þemadaga nokkrum sinnum yfir veturinn og var það góð tilbreyting.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt [40. grein í lögum um grunnskóla](#). Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu sem og að vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Í nemendaverndarráði sátu Frida Elisabeth Jörgensen skólastýra, Árný Þóra Ármannsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og Sigurður Aðalgeirsson hjá skólaþjónustunni.

Nemendaverndarráð átti tvo formlega fundi á skólaárinu og fjallaði þá um málefni einstakra nemenda.

Fræðslu- og menningarnefnd

Þegar fræðslu- og menningarnefnd fjallaði um málefni skólans voru skólastjóri, Berglind Friðbergsdóttir og María Sveinsdóttir með. Alls voru fulltrúar skólans kallaðir á tvo fundi hjá nefndinni í vetur. Á þeim var kynnt starfsemi skólans í vetur, fjárhagsárið 2013 gert upp og áætlun fyrir 2014 lögð fram og skóladagatal 2014-2015 lagt fram.

9 Skýrsla um innra mat

Ekki var gert neitt formlegt innra mat á starfsemi skólans í ár, frekar en síðustu ár. Þetta var þó rætt í starfsmannahópnum og voru allir sammála um að á því væri brýn þörf. Stefnt er að því að bæta úr því.

10 Foreldrar og skólastarfið

Í Planinu, námskrá skólans, stendur eftirfarandi um foreldrasamstarf:

„Markmið skólans er að efla samvinnu starfsmanna skólans og foreldra til þess að stuðla að alhliða þroska og vellíðan nemenda og gagnkvæman skilning beggja aðila. Stefnt er að því að foreldrar verði sem best meðvitaðir um það sem er að gerast í skólanum, t.d. með því að halda úti öflugri heimasíðu. Kennarar og foreldrar hafa gjarnan samstarf um ýmsa þætti skólastarfsins, s.s. Dillidaga.“

Samstarf heimila og skóla var einkar farsælt í vetur eins og síðustu ár. Reynt var að taka tillit til ábendinga foreldra, t.d. varðandi það að bjóða nemendum leikskólans upp á mat á föstudögum. Foreldrar og aðrir velunnarar skólans voru jafnframt hvattir til þess að taka þátt í hinum ýmsu viðburðum skólans.

11 Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

Grunnskóli Raufarhafnar nýtur ráðgjafar skólapjónustu Norðurbings. Megin viðfangsefni þjónustunnar er að styrkja starfsmenn skólans með ráðgjöf um skólaþróun, skólanámskrárgerð, mat á skólastarfi og kennslufræðilegri ráðgjöf vegna almennrar kennslu og kennslu einstakra námsgreina.

Heimsóknir

Skólapjónustan heimsótti okkur sjö sinnum í vetur, þrisvar sinnum fyrir áramót og fjórum sinnum eftir áramót. Sigurður Aðalgeirsson kennsluráðgjafi skipulagði dagskrá ferðanna í samráði við skólastjóra. Auk Sigurðar komu Árný Þóra Ármannsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, og Anný Peta Sigmundsdóttir, sálfræðingur í heimsóknirnar.

Í heimsóknunum fengu kennarar tækifæri til að ræða við starfsmenn skólapjónustunnar og njóta ráðlegginga þeirra.

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi átti persónuleg viðtöl við nemendur í 7.-10. bekk á haustdögum. Þegar fór að nálgast vor lagði hann áhugasviðskönnun fyrir nemennann í 10. bekk.

Heilsugæsla

Ragnhildur Þorgeirsdóttir skólahjúkrunarfræðingur sinnti hefðbundnum verkefnum á árinu.

12 Útgefið efni á heimasíðu skólans

Ný heimasíða Grunnskóla Raufarhafnar hefur verið notuð mikið í vetur. Á heimasíðunni má finna aragrúa efni um skólann fyrir nemendur, foreldra og aðra sem áhuga hafa á að kynna sér starfsemi skólans. Planið, skólanámskrá skólans, var eina útgefna efnið á heimasíðu skólans á þessu skólaári.

Planið – skólanámskrá

Námskrá skólans heitir *Planið* og skiptist hún í tvo hluta; bekkjarnámskrár og almennan hluta. Bekkjarnámskrár eru gerðar á hverju ári og í þeim kemur fram markmið , kennsluaðferðir, kennslugögn og námsmat í hverju fagi fyrir sig fyrir hvern árgang. Bekkjarnámskrár fyrir árið 2012-2013 má finna á heimasíðu skólans undir [Skólinn>Skólastarfið>Bekkjarnámskrár](#). Þar sem að nemendum var skipt í tvo umsjónarhópa í vetur var um tvær bekkjarnámskrár að ræða; Bekkjarnámskrá [2.-4. bekkja](#) og [8.-10. bekkja](#).

Árið 2012 var lokið við að vinna að almennum hluta námskrárinnar. Hann er starfsáætlun beggja deilda skólans og nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Þar er dregin fram sérstaða skólans, staðbundnar aðstæður og stefna hans. Henni er ætlað að lýsa meginmarkmiðum og fyrirkomulagi skólastarfsins.